

HLUTAATVINNU- LEYSISBÆTUR

KYNNING 24. MARS 2020



SAMORKA



SFF



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

MARKMIÐ OG GILDISTÍMI LAGABREYTINGAR




Markmið tímabundinna ákvæða um hlutabætur

- Meginmarkmið laganna er að hvetja fyrirtæki til áframhaldandi ráðningarsambands við starfsfólk í stað uppsagnar þar til aðstæður skýrast.



Gildistími 2½ mánuður

- Heimildin er tímabundin og gildir frá 15. mars til 31. maí.
- Heimildin verður framlengd ef samdráttur vegna kórónaveirunnar dregst á langinn.



Gildandi lög um hlutabætur

- Gildandi lög veita rétt til bóta ef starfshlutfall er skert, að afloknum uppsagnarfresti.
- Bótarétturinn er 70% af fyrri tekjum í þrjá mánuði, en þó að hámarki 456 þús. kr. á mánuði miðað við fullt starf.
- Bæturnar skerðast vegna launa fyrir hið minnkaða starfshlutfall.



Helstu réttarbætur í breyttum lögum

- Tekur gildi strax, ekki krafist uppsagnar starfshlutfalls.
- Krefst samkomulags, breyta þarf ráðningarsamningi
- Tekjutengdar bætur hækka.
- Minni skerðing vegna tekna í hlutastarfinu.
- Viðbótaréttur, skerðir ekki rétt til tekjutengdra bóta að tímabilinu loknu

MARKMIÐ OG GILDISTÍMI BÓTA

Veruleg rýmkun felst í bráðabirgðaákvæðnum

- 1 Bætur hækka, bæði vegna herra hlutfalls af fyrri tekjum og minni skerðingar vegna launa í hlutastarfinu

- 2 Réttur myndast til tekjutengdra bóta án undangenginnar uppsagnar á fyrra starfshlutfalli og tilheyrandi uppsagnarfresti.

- 3 Lögin veita viðbótarrétt, þannig að bótaréttur er óskertur þótt launamaður njóti réttar samkvæmt bráðabirgðaákvæðunum.

Fjárhæðir greiðslna

Launabil launafólks og hlutfall af fyrri tekjum bætt miðað við lækkun starfshlutfalls úr 100% í 25%

Launabil	Hlutfall tekjutaps bætt
400.000 kr.	100% af fyrri tekjum
401.000 – 444.000 kr.	91-99% af fyrri tekjum
445.000 – 527.000 kr.	90% af fyrri tekjum
528.000 – 700.000 kr.	74-89% af fyrri tekjum
701.000 – 1.000.000 kr.	59-74% af fyrri tekjum

SKILYRÐI FYRIR HLUTABÓTUM OG TAKMARKANIR

Skilyrði fyrir hlutabótum og takmarkanir



Fyrri starfshlutfall hafi verið lækkað um 20 prósentur (prósentustig) hið minnsta.



Launamaður getur því **að hámarki** verið í **80% starfshlutfalli**, hafi hann áður verið í fullu starfshlutfalli til að eiga rétt á bótum.



Launamaður haldi að lágmarki 25% starfshlutfalli.

Viðmið við útreikning bótaréttar

- **Laun** frá vinnuveitanda og greiðslur atvinnuleysisbóta geta samanlagt ekki numið hærri fjárhæð en 90% af **meðaltali heildarlauna** viðkomandi launamanns síðustu 3 mánuði áður en minnkað starfshlutfall tók gildi.
- **Laun** – Hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald.
- **Meðaltal heildarlauna** - Tekur mið af launum einstaklings þrjá mánuði fyrir minnkað starfshlutfall.
- Hámark samlagðra greiðslna getur ekki numið hærri fjárhæð en 700.000 kr.
- Launamenn sem voru með laun undir 400.000 kr. fá tekjumissinn að fullu bættan

Upplýsingaöflun

- Forsenda bótaréttar er tímabundinn samdráttur í starfsemi vinnuveitanda.
- Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir gögnum frá vinnuveitanda þar sem fram komi rökstuðningur fyrir samdrætti í starfseminni, s.s. fækkun verkefna eða samdráttur í þjónustu.




DÆMI: ÁHRIF LÆKKUNAR STARFSLUTFALLS ÚR 100% Í 25%

Laun og bætur samanborið við fyrri laun


Þúsundir króna

- Laun + hlutabætur
- Fyrri laun



Laun og bætur sem hlutfall af fyrri launum


Hlutfall launa og bóta af tekjum fyrir skerðingu starfshlutfalls




SÝNIDÆMI – 400. ÞÚS. KR. MÁNAÐARLAUN FYRIR FULLT STARF

1


Starfsmaður í 100% starfshlutfalli



- Starfsmaður í 100% starfshlutfalli og fær 400 þúsund krónur í laun á mánuði.




- Starfsmaður lækkar í 50% starfshlutfall og fær 200 þúsund krónur í laun á mánuði




- Þar sem starfsmaður var með 400 þúsund krónur í laun fyrir fær hann tekjumissinn bættan að fullu

2


Starfsmaður í 80% starfshlutfalli



- Starfsmaður var í 80% starfshlutfalli og hafði 320.000 kr. mánaðarlaun m.v. 400.000 í 100% starfi.



- Starfsmaður lækkar í 40% starfshlutfall og fær 160.000 kr. mánaðarlaun




- Þar sem starfsmaður hafði laun undir 400.000 kr. fær hann tekjumissinn bættan að fullu


Fyrri starfshlutfall

Lækkað starfshlutfall

Bætur sem hlutfall af fyrri launum m.v. fullt starf

SÝNIDÆMI MIÐAÐ VIÐ MISMUNANDI MÁNAÐARLAUN





SAMORKA



SFF



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS